

Akraneskaupstaður

Héraðsskjalasafn Akraness – Ljósmyndasafn Akraness



Ársskýrsla 2011

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir

2011

Héraðsskjalasafn Akraness – Ljósmyndasafn Akraness

Ársskýrsla 2011

Starfssemi:

Héraðsskjalasafn Akraness tók við 41 skjalaafhendingu árið 2011. 3533 ljósmyndir voru settar inn á vef Ljósmyndasafnsins.

8341 myndir voru skannaðar en en af þeim bíða 4123 frekari vinnslu.

Ólöf Eir Jónsdóttir var í 100% starfi við skönnun frá 7. júní til 19. ágúst. Skannaðar voru 4340 myndir úr 35 söfnum.

Guðmundur Benediktsson vann á héraðsskjalasafni í átaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunnar. Hann vann frá 9. júní - 9. desember í 100% starfi. Guðmundur ítarskráði 36 einkaskjalasöfn auk annarra verkefna.

Innsendar upplýsingar á vefnum voru á árinu 504 talsins.

Einnig naut safnið dyggrar aðstoðar þeirra hjóna Braga og Elínar við að nafngreina myndir í Ljósmyndasafni Akraness.

Héraðsskjalavörður gerði úttekt á stöðu skjalamála hjá stofnunum Akraneskaupstaðar haustið 2011. Sjá fylgiskjal.

Vefur Ljósmyndasafns Akranes í tölum 2011:

Meðaltalstölur á mánuði voru taldar af Google Analytics og sjást hér:

Fjöldi síðuflettinga: 7.547.

Heimsóknir: 1.015.

Að meðaltali skoðaði hver gestur 7,5 síður.

Heimsóknir komu frá 470 einstökum ip-tölum.

Viðburðir:

Fundir:

Námskeið: Brunaæfing og námskeið í Borgarskjalasafni 9. júní.

2. nóvember: Fundur Þjóðskjalasafns Íslands með Héraðsskjalasafni Akraness og stjórnsýslu Akraneskaupstaðar.

21. nóvember: Fræðslufundur um varðveislu ljósmynda á vegum Ljósmyndasafns Íslands og Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

10.-11. nóvember: Haustfundur Félags héraðsskjalavarða.

5. desember: Fundur forstöðumanna héraðsskjalasafna á Íslandi á Þjóðskjalasafni Íslands.

Vökudagar:

Héraðsskjalasafn stóð fyrir sýningunni “Þegar steypu kerin komu á Skagann”. Á sýningunni voru myndir Árna Böðvarssonar frá hafnargerð á Akranesi og dagbækur Benedikts Tómassonar skipstjóra frá Skuld. Auk þess sem fleiri ljósmyndir og skjöl voru sýnd sem tengdust dagskrá frá Snorrastofu um “Hallgrím smala og húsfreyjuna á Bjargi”.

Norræni skjaladagurinn:

13. nóvember var haldinn Norræni skjaladagurinn og af því tilefni var opið hús á Héraðsskjalasafni Akraness. Þá var opnuð sýningu á skjölum og myndum frá BOCO og Verslun Axels Sveinbjörnssonar hf. Sýningin var í sal Bókasafns Akraness og mun stóð út nóvember.

Tvær greinar úr fórum Héraðsskjalasafns Akraness voru settar á vef skjaladagsins: <http://www.skjaladagur.is/>

Aðrar sýningar:

Hernámssýningin okkar var lánuð í Safnahús Borgarness í janúar og stóð þar fram á vor.

Síðasta ferð Akraborgar – Helgi Daníelsson sýndi á veggnum í Bókasafni Akraness 8. apríl – 6. maí.

Sjómennska, veiðar og vinnsla á síðustu öld. 21. maí-12. júní í Kirkjuhvoli. Sýning unnin af Friðþjófi Helgasyni í samstarfi við Ljósmyndasafns Akraness, Byggðasafns Akraness og nærsveita, Kirkjuhvol og Haraldarhús. Styrkt af Menningarráði Vesturlands.

Frá sjónarhóli Röggva á Grund – myndvarpasýning í Svöfusal Bókasafns Akraness. Stóð frá 10. júní til ágústloka.

Handlitaðar ljósmyndir Árna Böðvarssonar – úr fórum Ljósmyndasafns Akraness. Á veggnum í Bókasafni Akraness frá lokum júní til ágúst.

Norðurálmótið 2009-2010 – myndir eftir Þorkel Loga Steinsson o.fl. Í inngangi Bókasafns Akraness og í möppum í safni frá júní til ágúst.

Sumarmyndir Skessuhorns – Fréttablaðið Vestlendinga stóð fyrir samkeppni sumarið 2011 á bestu sumarmyndinni. Ljósmyndasafnið fékk myndirnar til sín stafrænt og setti upp ljósmyndasýningu á þeim á veggnum í Bókasafninu.

Þjóðin, landið og lýðveldið eftir Vigfús Sigurgeirsson. Sýning frá Ljósmyndasafni Íslands í Kirkjuhvoli frá 30. júní – 28. ágúst.

Til gagns og til fegurðar – sjálfsmyndir í ljósmyndum og í klæðnaði frá 1860-1960. Eftir Æsu Sigurjónsdóttur. Sýning frá Þjóðminjasafni Íslands í Kirkjuhvoli 29. september til 23. október. Samstarf Ljósmyndasafns Akraness, Kirkjuhvols og Byggðasafns Akraness og nærsveita. Á sýningunni voru einnig sýndir þjóðbúningar og fatnaður úr fórum Byggðasafns Akraness og í einkaeign Skagamanna.

Ólafur B. Björnsson

Sett var upp sýning á skjölum úr einkaskjalsafni Ólafs B. Björnssonar (1895-1959) frá Litlateigi á Akranesi. Ólafur var allt í öllu á Akranesi, meðan hann lifði. Virkur í félagsmálum, bæjarpólitík og ritstörfum. Hann gaf út m.a. blaðið Akranes á árunum 1942 - 1959 og skrifaði Sögu Akraness tvö bindi, sem kom út á árunum 1957-1959. Það einkennir feril Ólafs að hann beitti kröftum sínum til að efla og styrkja veg Akraness á allan þann hátt sem honum var mögulegt. Sýningin er í útlánasal bókasafnsins. Sýningin var unnin af Guðmundi Benediktssyni, sem ráðinn var í sérstakt atvinnuátaksverkefni í Héraðsskjalasafni Akraness.

Jólaortasýning

Guðmundur Benediktsson setti einnig upp sýningu á jólaortum úr tveimur einkaskjalsafnum.

Úr einkaskjalsafni Árna Bergþórssonar og Sigríðar Guðnadóttur frá Ráðagerði (E-210) voru sýnd jólaort sem bárust frá Halldóru Nikulásdóttur búsettri í Kanada til vinafólks síns í Ráðagerði.

Úr einkaskjalsafni Ólafs B. Björnssonar (E-17) voru sýndar möppur með innlímdu jólaortum sem Ólafi höfðu borist frá ýmsu mektarfólki Íslands sem var uppi á hans tíma.

Annað:

Efni úr Héraðsskjalasafni og Ljósmyndasafni var birt víða á árinu. T.d. voru unnar tvær greinar í Árbók Akurnesinga og fjöldi greina í Skessuhorni studdist ymist við efni og/eða ljósmyndir úr söfnunum. Einnig voru birtar myndir frá Ljósmyndasafni í heimildarmyndinni Thors Saga og í bókinni "Víst þeir sóttu sjóinn" – útgerðarsaga Borgfirðinga.

Akranes, á Þorra 2012

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir
